

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1. 60 A 1-fasa .....	2 050.00	875.00
2. 60 A 3-fasa .....	2 050.00	1 060.00
3. 100 A 3-fasa .....	6 100.00	1 200.00
4. 200 A 3-fasa .....	20 900.00	1 825.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

**IV. OPNUNARGJALD**

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 391 31. desember 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**GJALDSKRÁ**

**Rafmagnsveitna ríkisins.  
Smásöluverð.**

**I. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**1. Lýsing.**

11. Fast gjald .....	kr. F 1
Orkugjald .....	— 24.00 á kWst.

12. Fast gjald .....	kr. F 1 + F 2
Orkugjald .....	— 12.90 á kWst.

### 2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21. Fast gjald .....	— F 1 + F 3
Orkugjald .....	— 6.20 á kWst.

#### Markmæling:

23. Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW .....	— 24 500.00 á ári
Aflgjald, frá 3—6 kW .....	— 5 790.00 á kW á ári
Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	— 4 300.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 1.35 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	— 6.20 á kWst.

### 3. Vélanotkun o. fl.

31. Fast gjald .....	— F 1 + F 2
Lágmarksgjald .....	— 48 × F 1 á ári
Orkugjald .....	— 12.90 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 2 kW .....	— 14 700.00 á ári
Aflgjald, frá 2—5 kW .....	— 7 350.00 á kW á ári
Aflgjald, umfram 5 kW .....	— 6 460.00 á kW á ári
Fast gjald .....	— F 1 + F 3
Orkugjald .....	— 2.37 á kWst.
34. Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október:	
Aflgjald .....	— 2 330.00 á kW á ári
Fast gjald .....	— F 1
Orkugjald .....	— 0.97 á kWst.

### 4. Húshitun.

41. Fast gjald .....	— F 1 + F 4
Orkugjald .....	— 5.05 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
42. Fast gjald, lágmark 2 kW .....	— F 1 + F 4
Orkugjald .....	— 2.14 á kWst.
Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.	

#### Markmæling:

43. Fast gjald .....	— F 1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW .....	— 15 720.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	— 3 144.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 1.20 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	— 6.20 á kWst.
Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.	
44. Fast gjald, lágmark 2 kW .....	— F 1 + F 4
Orkugjald .....	— 1.10 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

**5. Utanhússlýsing.**

51. Fast gjald .....	kr. F 1
Fyrir hvert götuljósker .....	— 5 × F 1 á ári
Orkugjald .....	— 2.90 á kWst.
52. Fast gjald .....	— F 1
Orkugjald .....	— 7 00 á kWst.

**6. Lokun fyrir veitu.**

Gjöld fyrir lokun og enduroppnun á veitu vegna vanskila eru samtals .....	— 1 150.00
fyrir hvert skipti.	

**II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI****1. Föst gjöld.**

F 1 .....	— 175.00 á mánuði
F 2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	— 6.90 á m <sup>2</sup> á mán.
b) Gangar, geymslur og þ. h. ....	— 3.50 á m <sup>2</sup> á mán.
F 3 .....	— 70.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

- Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.  
Herbergi 5 ferm, eða minna reiknast hálf, en 25 ferm eða stærra tvö.
  - Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.
  - Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.
  - Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.
- F 4 Hvert uppsett kW .....

kr. 600.00 á ári

**2. Mestaafismæling.**

- Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálág.
- Gjaldskrárlíður 32.

Gjaldskytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsværksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.

Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

**3. Véla- og tækjaálag.**

- Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.  
Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
- Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.  
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

**4. Verð til hitunar.**

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 7.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárliði 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

**5. Götulýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

**IV. ANNAÐ**

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 377 10. desember 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**R E G L U G E R Ð****um Lagastofnun Háskóla Íslands.****1. gr.**

Lagastofnun Háskóla Íslands starfar við lagadeild Háskóla Íslands.

**2. gr.**

Hlutverk Lagastofnunarinnar er:

- 1) Að vera vísindaleg rannsóknastofnun í lögfræði.